



## **Kayakklúbburinn**

Dags: 7. apríl 2015

Kayakróður veldur engri truflun í náttúrunni, engin spor eru skilin eftir, og er einn umhverfisvænasti ferðamáti sem er í boði til náttúruskoðunar og ferðalaga.

Tillögur Kayakklúbbsins vegna endurskoðunar stefnumörkunar fyrir Þjóðgarðinn eru eftirfarandi:

Að kayakróður verði heimilaður fyrir alla kayakræðara í landi þjóðgarðsins með ákveðnum öryggistakmörkunum og umgengisreglum sem almennt gilda í þjóðgarðinum. Öryggismál skipta Kayakklúbbinn afar miklu máli. Í öllum róðrum á vegum klúbbsins er farið eftir öryggisstefnu klúbbsins sem má finna á vef félagsins, annars vegar [öryggisstefna félagsróðra](#) og hinsvegar [öryggisstefna klúbbferða](#). Öryggisins vegna er mælt til að kayakræðarar séu ekki einir á ferð, þar sem þá má beita svokallaðri félagabjörgun ef annar lendir á sundi.

Gera má ráð fyrir að kayakræðarar bætist ekki við þau svæði í þjóðgarðinum sem eru undir mestu álagi ferðamanna. Þar sem vatnið sjálft er svæði kayakræðara eru það helst veiðimenn og kafarar sem eru á sama svæði.

Tryggja þarf gott aðgengi að vatninu og helst þannig að ekki þurfi að bera kayakana langar vegalengdir frá bíl. Slíkt aðgengi er þegar til staðar, t.d. við enda Valhallarstígar.

Til að tillit sé tekið til veiðimanna, þá má hugsa sér að mælt verði til að kayakræðrar fari ekki nær landi en sem nemur 30 metrum við vinsælustu veiðisvæðin.

Kayakklúbburinn hefur ekki skoðun á því, hvort veiði verði leyfð á kayökum eða öðrum fleytum, leggjum fyrst og fremst áherslu á að kayakróður verði heimilaður öllum áhugasömum í þjóðgarðinum.

Fyrir hönd Kayakklúbbsins  
Klara Bjartmarz formaður  
Sveinn Axel Sveinsson ritari